# Útskriftir úr virðingabókum brunabóta 1880-1899

Aðfnr. 1497, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Húsavirðingar

1881

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr

virðingarbók Reykjavíkur kaupstaðar til brunabóta

Ár 1881 hinn 15. Nóvember var samkvæmt beiðni skólakennara B. Gröndals tekin fyrir virðing á húsi hans, og unnu að henni hinir reglulegu virðingarmenn Björn steinsmiðr Guðmundarson og Helgi snikkari Helgason.

Þingholtsstræti: skólakennari B. Gröndal hefr nú látið fullgjöra íbúðarhús sitt, ábyrgðar No 187 nema hvað það enn er óklætt á tvo vegu; í því eru 6 herbergi auk eldhúss og inngangs, kjallari er undir öllu húsinu; ummál þess er hið sama sem tekið er fram í virðingargjörð af 23. Aug. þessa árs . . . . . . . . . . 6.300 kr.

Af húsi B. Gröndals [illegible] fyrir framan allt [illegible] Kr. [illegible]

Sama ár og dag var enn fremur samkvæmt beiðni póstmeistara O. Finsens og bókhaldara Eyþórs Felixsonar, tekin fyrir virðing á húsi því, er þeir hafa byggt í sameiningu, stendur helmingur þess á lóð póstmeistara O. Finsens, en hinn helmingurinn á lóð E. Felixsonar; húsið er á lengd 12 ál. breidd 11 ál. hæð undir þakbrún 5 ál., bindingsverk klætt með borðum, járnþak á langböndum, því er skipt yfir um þvert í tvo jafna parta þannig: að norðrparturinn er eign E. Felixsonar, og er í þeim parti lopt, en með öllu ónusaðr. þessi hluti hússins er virtur . . . 450 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Suðurpartinum er eign O. Finsens, og er í honum
fjós múrað í þrjá vegu. . . . . . 500 kr.

Ingólfsstræti: Þorsteinn Guðmundarson hefr lengt hús sitt
No 143 um 6 ál., bindingsverk múrað með hraun-
grjóti, járnþak í langböndum, viðauki þessi
er óinnréttaðr, nema hvað búið er að leggja
í hann loft. Húsið hefr síðan það var virt
24. Mai 1876, verið tölu[v]ert umbætt þannig: að
nú eru í því 4 herbergi, og er það því ásamt
viðaukanum virt á . . . . . . . 2,600 kr.

Austurstræti: bókhaldari Eyþór Felixson hefr rifið niðr geymslu-
húsið C. og byggt austur skúr með hálfþaki, lengd
7½ al. breidd 5 al. hæð 4 ál., bindingsverk með
járnþaki á óplægðri súð . . . . . . . 200 kr.

O. Finsen. Björn Guðmundsson. Helgi Helgason

Útskriptin er rétt.

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18/7 81

# Útskript

úr

virðingarbók Reykjavíkur kaupstaðar, til brunabóta

Ár 1881 hinn 4. Júlí, var samkvæmt beiðni landshöfðingjans yfir Íslandi, tekin fyrir virðing á alþingishúsinu, og unnu það henni hinir reglulegu virðingarmenn Björn steinsmiður Guðmundsson og Helgi snikkari Helgason. —

Austurvöllur: Alþingishúsið, er með sama ummáli, sem við hina fyrri virðingu 15. Nóv. f. á., en nú er það að öllu leyti fullgjört bæði utan og innan, og eru alls í því 32 herbergi, og þessutan breiður gangur þvert yfir húsið, og tilheyrendapláss í báðum málstofunum. Allur frágangur á húsinu er hinn vandaðasti, og báðar málstofurnar mjög skrautlegar. . . . . . . . 110, 000 kr.

O. Finsen

Björn Guðmundsson. Helgi Helgason

Útskriptin er rétt. —

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18/7

# Útskrift

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar til brunabóta

# #

Ár 1887 hinn 12. Júlí var samkvæmt beiðni Br. bókbindara Oddssonar, tekin fyrir virðing á húsi hans, og unnu að henni hinir reglulegu virðingarmenn, Björn steinsmiður Guðmundarson og Helgi trésmiður Helgason. —

Þinghaldsvottur: Br. bókbindari Oddsson.

Húsið er eins að ummáli, sem getið er um í virðingargjörðunum frá 18. Aug. og 26. Október f. á. það er fullgjört bæði utan og innan, og eru í því 10 herbergi, tvö eldhús og inngönguskúr, sem nær uppundir þakskegg. — . . 5,500 Kr. —

O. Finsen

Helgi Helgason Björn Guðmundsson.

# # #

Útskriftin er rétt

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/40

# Útskript

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta

Ár 1881 hinn 18. Agúst, var samkvæmt beiðni verzlunarmanns H. Siemsen tekin fyrir virðing á húsi því, er hann í sumar hefir látið byggja í Hlíðarhúsastíg. Að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn, Björn steinsmiður Guðmundarson og Helgi snikkari Helgason.

Hlíðarhúsastígur, verzlunarmaðr H. Siemsen hefir látið byggja íbúðarhús, á lengd 12 ál. breidd 12 ál. hæð undir þakbrún 5 ál. Húsið er úr bindingi múruðum með steinlími (Béton); járnþak á súð, það er í smíðum en með öllu óinnréttað. . . . . . 1400 kr.

O. Finsen. Björn Guðmundsson. Helgi Helgason

Útskriptin er rétt vottar:

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/10

# Útskrift

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta.

Ár 1881 hinn 23. September, var samkvæmt beiðni eptir-fylgjandi húseiganda tekin fyrir virðing á húsum þeirra, og unnu að henni hinir reglulegu virðingarmenn Björn steinsmiðr Guðmundarson og Helgi snikkari Helgason

Ullarhúsastígur: kaupmaðr Endresen hefr byggt íbúðarhús, á lengd 12½ al., breidd 12½ al., hæð undir þakbrún 5 ál, úr bindingi múruðum ~~með~~, múrsteinn á rönd; járnþak á ágætlegri súð. Í því eru 6 herbergi fullgjör auk eldhús og inngangs, og kjallari undir því hálfu - - - - - - - - 3,900 kr.

Garðhúsastígur, Sveinn Guðmundarson.

a. Bær 12 ál. á lengd, 7¾ al. á breidd, hæð uppí mæni 5 ál., torfþak á súð; sá endinn er veit til vesturs er nýr, í honum eru tvö herbergi.

b. Frambær 12 ál. á lengd, 7¾ al. á breidd, hæð uppí mæni 5 ál. nýbyggður en óinnréttaðr, torfþak á ~~súð~~ á-repti - (báðir a. og b. virtr á) 350 kr.

Aðalstræti. yfirprentari Einar Þórðarson, hefr byggt geymsluhús á lengd 12 ál, breidd 8 ál. hæð undir þakbrún 4 ál. úr bindingi að mestu ómúruðum; járnþak á langböndum - 750 kr.

Stöðlakotsláð. bókavörðr Jón Árnason hefr byggt geymsluhús, á lengd 12 ál breidd 7 ál. hæð undir þakbrún 4 ál., úr bindingi að miklu leyti ómúruðum; járnþak á langböndum, í því eru tvö þverskilrúm og lopt í miðjupartinum - - - 750 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hlíðarhúsastígur. Kolbeinn járnsmiður Guðmundsson hefir byggt íbúðarhús, í lengd 11 ál. breidd 10 ál. hæð undir þakbrún 4½ al., úr uppistandandi plönkum 3 þuml. þykkum; óklætt að utan með járnþaki ~~með járnþaki~~ í asplægðri súð, í það er þegar búið að leggja loft, og 3/4 parta af gólfinu, að öðru leiti er það óinnréttað, kjallari er undir öllu húsinu, og er hann ætlaður fyrir smiðju. 1300 kr.

O. Finsen, Helgi Helgason, Björn Guðmundsson

— — —

Útskriptin er rétt vottar.

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/10

# Útskrift

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta

Ár 1881 hinn 27 Septemb. var eptir beiðni herra Páls Eggerz, tekin fyrir virðing á hús-eign þeirra frænda Vídalín & Eggerz. þeir hafa keypt geymsluhús það, sem talið er No 111 Realreg. No 3, Aðalstræti 6. ásamt nokkurri lóð, og eru að reisa þar hús. Að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn Helgi snikkari Helgason og Björn múrari Guðmundarson. —

Aðalstræti: Vídalín & Eggerz eru að láta byggja tvílyptað hús, lengd 18 ál., breidd 14 ál. hæð undir þakbrún 9½ al. úr bindingi múruðum með steinlími (Béton) járnþak á súð. Húsið er nú þegar hólfað sundur í níu herbergi, hvar af eitt á að vera sölubúð, og eru sum þeirra hérumbil hálfgjör og sum minna; veggirnir áklæddir að utan . . . . . . . . . . . 6.000 Kr.

Sama dag var samkvæmt beiðni Þórðar Arnasonar í Hlíðarhúsum, tekin fyrir virðing

543 – 81

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á bæ hans. –

Hlíðarhúsalandi. Þórður Árnason.

a. Bær, á lengd 9 ál. breidd 8½ ál. hæð upp í mæni 7 ál; torfþak á tré, í bænum eru þrjú herbergi. –

b. Frambær, á lengd 9 ál. breidd 6 ál. hæð upp í mæni 5 ál. í honum er eldhús og inngangur. . . . . . . . . . . . . 225 Kr.

c. Hjallur í lengd 8 ál. breidd 5 ál. hæð undir þakbrún 3 ál. með timburþaki; af honum eru 3 ál. geymsluhús. . . . . . . . . . . . . 75. –

300 Kr.

O. Finsen. Björn Guðmundsson. Helgi Helgason

Að útskriptin sé rétt vottar. –

O Finsen

1,37

6/10

# Útskript
úr
virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar til brunabóta

* * *

Ár 1887 hinn 4. Október, var samkvæmt beiðni nokkurra manna tekin fyrir virðing á húsum þeirra, og unnu að henni hinir reglulegu virðingarmenn Björn steinsmiður Guðmundarson og Helgi snikkari Helgason.

Kirkjugarðsstígur: frú G. Guðjohnsen hefr látið byggja íbúðarhús, á lengd 15 ál. breidd 12 ál. hæð undir þakbrún 5 3/4 al., úr bindingi múruðum með steinlími (Béton); járnþak á plægðri súð. Í húsi þessu eru átta herbergi auk eldhúss og inngangs, og kjallari undir því hálfu, veggirnir klæddir með borðum; við norðurgafl hússins er skúr áfastur við það, lengd 4 ál. breidd 12 ál. hæð 4 ál. úr bindingi klæddur með borðum; járnþak á langböndum.

Húsið er með öllu fullgjört, og í alla staði mjög vandað . . . . . . . 6. 300 Kr.

Selsløð: Magnús Pálsson hefr látið byggja íbúðarhús, á lengd 7 1/4 al. breidd 7 ál. hæð undir þakbrún 4 ál., úr bindingi múruðum með múrsteini að 2/3; járnþak á langböndum, í það er þegar búið að leggja lopt, að öðru leiti óinnréttað . . . . . . . 600 Kr.

Ananaustalóð: Guðmundur Gíslason hefr byggt íbúðarhús, á lengd 13 ál., breidd 7 1/2 al. hæð undir þakbrún 4 1/2 al, með steinveggjum á þrjá vegu, norðurgaflinn úr timbri, járnþak á langböndum

böndum, suðurmaná, í því eru 4 herbergi . . . 1,700 kr.

Vegamótastígr: Sigurður Friðriksson hefr látið byggja íbúðarhús með steinveggjum, lengd 9¾ al. breidd 7¼ al. hæð undir þakbrún 3½ al.; járnþak á langböndum, í það er búið að leggja lopt og helminginn af gólfinu . . . . 900 kr.

Þingholtsstræti: Jónas og Magnús Guðbrandssynir ~~hef~~ (Brenna) hafa látið byggja íbúðarhús með steinveggjum og bindingsgöflum, á lengd 10½ al., breidd 8½ al. hæð undir þakbrún 4 al.; járnþak á langböndum, í það er þegar búið að leggja lopt og gólf, að öðru leiti óinnréttað. . . . . . 1,100 kr.

Skólavörðustígur: Torfi prentari Þorgrímsson hefr byggt um húsið C. og gjört það að geymsluhúsi á lengd 11¼ al., breidd 5 al. hæð undir þakbrún 3¼ al., undir nokkrum parti þess er kjallari; það er klætt á þrjá vegu með borðum en austurgafl þess er úr rimlum, í því hálfu er lopt; járnþak á langböndum . . 650 kr.

O. Finsen. Helgi Helgason. Björn Guðmundsson

Útskriptin er rétt vottar.

O Finsen

# Útskript

úr virðingabók Reykjavíkur Kaupstaðar

Ár 1881 þann 15 decbr var eptir beiðni verzlunarmanns H. Seemans tekið fyrir virðing á húsi því er hann hefur látið byggja við Hlíðarhúsastíg N 188. Koma að þessari virðingu hinir eiðsvörnu virðingamenn Helgi snikkari Helgason og Björn múrari Guðmundsson

Hlíðarhúsastígur Hús Hendriks verzlunarmanns Seemans með öðru ummáli og getið er í virðingu þess 18 ág og 5 nov. Eru nú í húsi þessu fullgjörð 7 herbergi auk eldhúss er virt. 4500 Krón

O. Finsen Helgi Helgason Björn Guðmundsson

Rjett eptirrit vottar

O. Finsen

Við ofanskrifað hef eg ekkert að athuga sem stendur.

Rk. 15/12 81.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**1

# Útskrift

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar, til brunabóta

Ár 1881 hinn 19. October, var samkvæmt beiðni tómthúsmanns Magnúsar Einarssonar tekin fyrir virðing á bæ, sem hann hefr. látið byggja í Arnarholtslóð. Að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn Björn múrari Guðmundarson og Helgi snikkari Helgason.

Arnarholtslóð: Magnús Einarsson er að láta byggja
× bæ með steinveggjum, á lengd 11 ál. breidd 8 ál. hæð uppí mæni 7 ál.; torfþak á súð, bærinn er enn með öllu óinnréttaður. . . . . . 600 Kr.

O. Finsen. Björn Guðmundsson. Helgi Helgason

Rétta útskrift staðfestir.

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript
úr
virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar til brunabóta.

Ár 1881 hinn 25. Október, var samkvæmt beiðni nokkurra manna tekin fyrir virðing á húsum þeirra, og unnu að henni hinir reglulegu virðingarmenn Björn steinsmiðr Guðmundsson og Helgi snikkari Helgason.

Arnarholtslóð: Gísli Björnsson, er að byggja íbúðarhús úr bindingi múruðum með hraunhellu, á lengd 10 ál. á breidd 9 ál. hæð undir þakbrún 4 ál., járnþak á langböndum klætt með borðum á tvo vegu, í það er búið að leggja loft og gólf, og hlaða skorsteinspípu, að öðru leiti óinnréttað . . . . . . . . . . . . . . 1,300 kr.

Þingholtsstræti: Þorvaldur Klængsson, hefr nú fullgjört hús sitt ábyrgðar No 173. Ummál þess er að öllu leiti hið sama, sem getið er um í virðingargjörð af 18/8 80, ennfremur hefr hann byggt við það skúr, áður virt fyrir 1400 kr. nú . . . . 2,500 kr.

Hlíðarhúsastígur: Sighvatur ritari Bjarnason hefr byggt íbúðarhús, úr bindingi múruð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

un með múrsteini; járnþak á plægðum borðum, hliðarnar klæddar með borðum og austurgaflinn með járni á plægðum borðum, lengd 12 ál. breidd 10 ál. hæð undir þakbrún 4½ al., í því eru 5 herbergi fullgjörð og eitt óinnréttað, auk eldhúss og inngangs. Kjallari er undir öllu húsinu 3.900 Kr.

Kirkjubrú bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson, hefir byggt geymsluhús, við húseign sína No 165, úr ómúruðum × bindingi; járnþak á langböndum, veggirnir klæddir með borðum, lengd 12¼ al. breidd 8 ál. hæð undir þakbrún 4¾ al., í það er búið að leggja loptið, að öðru leiti óinnréttað 900 Kr.

O. Finsen. B. Guðmundsson. Helgi Helgason.

Rétta útskrift staðfestir.

O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr

virðingarbók Reykjavíkurkaupstaðar til brunabóta

Ár 1881 hinn 5. Nóvemb. var samkvæmt beiðni verzlunarmanns H. Siemsen tekin fyrir virðing á húsi hans № 188, að virðingunni unnu hinir reglulegu virðingarmenn Björn steinsmiðr Guðmundsson og Helgi snikkari Helgason. –

Hliðarhúsaeign. verzlunarmaðr H. Siemsen, hefr endurbætt íbúðarhús sitt. Ummál þess er hins og tekið er fram í virðingargjörð af 18. Aug. þ. á. Í húsi þessu eru nú fullgjör 3 herbergi auk eldhúss, hinn annar partur hússins er óundirhólfaðr. Húsið er nú þegar klættað utan með borðum . . . . . . . . . . 2,700 Kr.

O. Finsen. Björn Guðmundsson. Helgi Helgason.

Útskriptin er rétt.

Fr. O. Finsen

J. Gunnarsson

Ekkert athugavert, [illegible] stendr.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur